Hringhendu samkepnin.

(Framh. frá 2. bls.)

2. Vordags yfir bjartri brún
blíð hvar lífs minni
sælu-hrifin svífur hún
í sólar-bifreiðinni.
3. Iða' af fjöri angun snör,
yndis-kjörin prísa,
gáfu-snör, af gæðum ör,
gleðiförum lýsa.
4. Öllu, vítt um lög og lás,
lífið nýtt hún færir;
alt er frítt og frjálst í bráð;
foldu blítt hún nærir.
5. Heilsar fjallið himins mey
hýst í mjallar-feldi.
Dverga-hallir dylja eh
dans, er hallar kveldi.
6. Áin, fegin sumri' og sól,
söng og megin hlýtur
af sér fleygir klaka-kjól
kát er veginn þýtur.
7. Falla Ægis faðminn í
finst ei bagi henni,
ferðalagi í ýtir því,
fór þó laginn grenni.
8. Hýrnar, yngist alt á jörð
ekkert þvingar sóminn;
fjörugt syngur fugla-hjörð
fögur kringum blómin.
9. Nett sig skrýðir náttúran
í nægta' og prýði skrúða;
al-lífs blíða unnustan
enn er friðust brúða.
10. Sóley, fjóla og fífillinn
faðma sólar-sporin;
heims- öll -ból og himininn
halda jól á — vorin.
11. Nú er kátt í loftí' og lund,
lífið máttar-þrungið;
leikið dátt um græna grund,
galað hátt og sungið.

Gamanvísur.

1. Guðadætur, glaðlyndar,
grát í kæti breyta,
fögru, mætu meyjarnar
meinabætur veita.
2. Allur blossar andinn — hvar
ástin hossar meyju! —
Æðstu hnossin ellifðar
eru kossar — **Freyju!**

Auðvald og ánauð.

1. Ó, þér menn, með auð og völd,
alt þér spennið klónum,
og frelsið grennið öld frá öld,
og ódygð kennið flónum.
2. Fyrir þetta friður er
fenginn rétt að nafni. —
Gálga-hettur geymið þér
í gömlu pretta-safni.
3. Vaða' um hauðr vágestir,
vitja snauðra lýða;
hungurs-dauði' og drepsóttir,
dilkar auðvalds-stríða.
4. Verkföll stafa ávalt af
auðvalds-klafa sárum,
því menn kafa þrældóms-haf,
þrauta vafið bárum.
5. En þau telur auðvaldið
uppreist, vélar, prettí!
Það ýtum selur engin grið,
en af þeim stelur rétti.
6. Yfirvöldin þjóna því,
þess má fjöldinn gjalda,
sem að köldum kjörum í
kannar gjöldin alda.
7. Þeir sem braila fólk að flá
flagga allar stundir.
Flesta galla fela má
falsi og skjalli undir.
8. Verkalýðsins vondum hag
verður tíð að breyta;
ella líður að þeim dag
að alheims-stríð má þreyta.
9. Synd og blóði ötuð er
allra þjóða "menning". —
Enn el góðan ávöxt ber
aldin bróður-kenning.
10. Mammon kennir mönnum enú:
manndráp, brennur, hungur! —
Hvar er menning mæt, er senn
myrkra spenni klungur?
11. Eg sé í anda: frelsi' og frið
faðma land og sæinn,
og alt stranda Loka-lið
og leidd til— fjandans hræin!

Sorg þó sláí' og svelli brá,
sízt um tjáir kvarta,
Staka.
því bót ei má við beisku fá
böli, er þjáir hjarta.

J. Ásgeir J. Líndal,
Victoria, B. C.

XXIII.

Til Fjallkonunnar.

Enn, sem forðum, þér er þín
þögul skorðuð æfi,
fsum-borðuð eyjan mín
út' í norður-sævi.

Staka.

Alls kyns mæða mér er send,
mólgangs þræði öldu,
í lífs-næðing einn eg stend
á bersvæði köldu.

Jón Youkonfari,
Blaine, Wash.

XXIV.

Morgunvísur.

1. Myrkra deyðast öflin öll
árla heiður, fagur,
út á breiðan blómsturvöll
bjartur skríðar dagur.
2. Uppheims blossar unaðs ljós
árdags hnossið blíða.
Geisla-fossar rjóðri rós
rétta kossa þíða.
3. Heyrist róleg reyna hljóð
rödd um skógar-göngin,
vantar lóu að eins óð
ástar þróa sönginn.
4. Útsýn fágar fögur mörk,
frelsi trjáa lifir;
krónu hás breiðir björk
blómin smáu yfir.
5. Alt er kátt því erjur stríðs
er' að sáttum runnar;
andar dráttinn léttir lýða,
lífs og náttúrunnar.

S. J. Magnússon,
Piney, Man.

XXV.

Staka.

Eftir skóla-aldur minn
eg vil róla' um síðir,
hvar næturs ól og svanurinn
sumar-kjóli prýðir.

G. J. Goodmundson
Winnipeg.

XXVI.

Hringhenda.

Sólar hárið fléttast frá
fögrum báru-laugum,
fjóla smára hýrum hjá
hlær með tár í angum.

L. F. Kristjánsson,
Westfold, Man.

XXVII.

1. Vor um strindi vekja fer
von að myndist bragur.
Nú í lyndi leikur mér
ljúfur yndis-dagur.
2. Vetrar gjólu veikjast hljóð
um veðra-bólið stranga,
en vórdags-sólu gefsla glóð
glansar á fjólu vanga.
3. Vermir stundum vorsins blíð
vefur mund um hauður
viðjum bundin velur stríð,
Vetur blundar dauður.
4. Þannig líða æfi-ár
eins og stríður vetur
eftir hríðar feikn og fár
fagnað blíðu getur.
5. Á þá bólar engri neyð
efa' eg skjólið varla,
þegar mér rólar gæfa greið
til gylfa sólar-halla.

Ingólfur Arnason,
Glenboro, Man.

XXVIII.

Vorvisa.

Sólar undan mjúkri mund
múrinn hrundi ísa.
Eftir stundar bana blund
blóm úr grundu rísa.

S. E. Einarsson,
Árborg, Man.

XXIX.

Minning bezta okkar er
íslenzkt flest að geymi,
er drengskap mesta drýgjum hér
og dáð í Vesturheimi.

Andrés Gíslason,
Vogar, Man.

XXX.

Steikt í blóði branda völd
böls á glóðum liggja.
Þá skal Fróða-friðar-öld
Frelsi þjóða tryggja.

Walter Paulson,
Foam Lake, Sask.

XXXI.

Vetrarkoma.

Stormar aka' um ár og völl
ækjum jaku' og mjalla.
Hátt, sem staka hlymji snjöll,
hringir klaka-bjalla.

G. J. Guttormsson,
Leel River, Man.

Þjóðrækni.

Erindi flutt Íslendingadaginn í Winnipeg, 5. ágúst 1919.

Herra forseti,
háttvirtu tilheyrendur.

Erindi þetta, er mér hefir verið úthlutað að flytja, er einskonar viðauki við skemtiskrá hátíðarhaldsins að þessu sinni. Sýnir það sig bezt á því, að því fylgir engin sálmur. Það er minni, ósungið og kvæðislaust.

Orsökin til þess að þessari ræðu er nú bætt við er sú, að forstöðunefnd hins nýmyndaða "Þjóðræknisfélags" sendi þá áskorun til allra forstöðunefnda, er standa fyrir þjóðminningar hátíðarhaldi á þessu sumri, víðsvegar um bygðir vorar hér í álfu, að þær léti flytja ræðu um þjóðrækni þjóðminningardaginn, til þess að vekja athygli almennings á þessu nauðsynjamáli. Með þessu var þó eigi það álit í ljós látið af nefndinni, að hinar ræðurnar, er jafnan og að sjálfsögðu eru fluttar, væru þessu sérstaka málefni óviðkomandi, því hvorki eru þær það né geta verið. Hver Íslendingadagur er að réttum skilningi þjóðminningardagur, — dagurinn er ryfjar upp minningarnar um ættland vort, þjóð og sögu, safnar þeim saman og hvetur oss til að varðveita þær, og segja og gera söguna lengri. En hinsvegar er það satt, að vegna þess hvað minni þessi eru orðin að föstum og rótgrónum vana, er þeim síður eftirtekt veitt, hve góð sem eru, en áður var. Þau eru, — og þér fyrirgefið saklaust gaman, — eigi lengur sú frjófgandi dögg, er fellur á vitsmunagæru þjóðarinnar, sem hergöngu tóku til sigurs og frama, heldur miklu fremur húsleki, er vort háttprúða, skrautbúna fólk færir sig undan, til þess að vakna ekki um höfuðið.

Efni þessa erindis er þá það, að minna á eitt örð, er orðið hefir fyrir alveg einstöku mótlæti nú á síðari tíð, með því að úr því hefir verið gerður umskiftingur. — En svo voru þau börn nefnd í þjóðtrú Íslands, er töpuðu sínu sanna eðli, svo að engir vissu orsök til, og var því þá kent um, að um barnið hefði verið skift og í þess stað látin gamall og útlifaður álfur, er huldufólkið kýtti saman og brá yfir gervi burtu numda barnsins, til þess að komast hjá gamalmenna framfærslu. Hvað hæft er í þeirri trú, skal ósagt, en þó eru margir er standa á því fast, að umskiftingar séu til og þeir hafi sjálfir séð þá og komist í kynni við þá. En þetta orð, sem vér vildum minna yður á, er orðið "þjóðrækni". Það er eitt af hinum yngri börnum íslenzkunnar og finst ekki í fornu máli að sögn Guðbrandar okkar Vigfússonar. Það felur og í sér eitt af hinum yngri hugtökum vorum — hugtak er kvaddi til alveg sérstakra framkvæmda, — þegar íslenzku þjóðinni lá mest á — sem gæfi það öllum góðum ásetning djörfung og dug, — á fyrra hluta hinnar 19. aldar. Orðið er leitt af stofninum "þjóð", en það skilja allir, og sögninni "að rækja ".En að rækja eitthvað, í fornu máli, var sama og legjga stund á það og vera minnugur á það. Orðið þýðir þá eiginlega að leggja stund á það er þjóðinni má vera til hagsældar og vera minnugur á það er verða má henni til sæmdar. Það er göfugt orð; það er norræn konungsdóttir, og þess vert að leysa það úr álfa höndum en vísa umskiftingnum til baka á eigin hrepp.

Orðið er myndað yfir hugtak, eða hugsjón, eða "verkavitran", eins og höfuðskáld vort kemst að orði, og felur í sér lífstilgang fullkominn, svo að þar þarf engu við að bæta. Að lýsa þeim tilgangi tekur of langt mál, en benda má á dæmi, er skýra þann tilgang, og er þá helzt til að greina æfisögur vorra nýtustu og beztu manna. Þó er æfi eins sérstaks manns öðrum fremur svo, að engin skýrir lífstilganginn er felst í orðinu "þjóðrækni" eins vel. En það er æfisaga Jóns Sigurðssonar. Hann var ekki eingöngu minnugur á það, sem þjóðinni horfði til hagsbóta, heldur jafnan og ávalt á það er verða mátti henni til sem mestrar sæmdar. Hann lagði stund á að efla hagsmuni hennar út á við og inn á við. Hann vann að því að vekja hjá henni þekkingu á sjálfri sér og sögu sinni og æfi. — Nauðsynlegasta mentunarskilyrðið til þess að verða tekinn í mannatölu. Hann vann að því að afla henni sjálfstæðis svo hún fengi ráðið sér sjálf og verið sinn eigin gæfusmiður. Hann vann að því að útvega henni frjálsa verzlun, sem var hið sama og fá henni myndugleika til að fara með eigið fé. En samfara þessu leitaði hann sóma hennar í öllu, og fyrst og fremst með því sjálfur að sýna með eigin framkomu og lífi, að hann vissi hvað sæmd var. Hann var talsmaður hennar, erindreki, út á meðal erlendra þjóða, sonur hennar; af honum hlaut henni að vaxa eður þverra virðing, af honum hlaut hún að verða dæmd.

Það er á orðið, í þeirri merkingu, eins og Jón Sigurðsson útskýrði það með æfi sinni, sem vér vildum benda, og svo hitt að það er ómaklegt að láta þá hugsjón, sem það felur í sér, glatast og gleymast, þótt vér séum hingað flutt, heldur að það sé miklu fremur sjálfsagt að vernda hana, helga sér hana og lifa henni, eftir því sem hver hefir máttinn til. Þetta er í fyrsta lagi stóra og mikla skyldan gagnvart sjálfum oss; í öðru lagi, skyldan gagnvart afkomendum vorum, og í þriðja lagi skyldan gagnvart kjörlandi voru og því þjóðfélagi, sem vér skipum.

Auðvitað blandast engum hugur um það, að vér hér í þessari álfu getum eigi langt stund á þjóðrækni í sömu mynd og Jón Sigurðsson. Í fyrsta lagi erum vér ekki menn til þess, í öðru lagi hagar öðruvísi til hér á meðal vor en á stóð fyrir honum, og í þriðja lagi eru viðfangsefnin önnur en þá voru.

En hugsjónin er hin sama og við hana ber að leggja rækt. Að leggja stund á alt það, er verða má þjóð vorri til framfara, vera minnugir á alt er verða má henni til sæmdar; þessi viðfangsefni eru ævarandi, og endalaust verkefni öllum, svo eigi þurfa þeir að vinna upp aftur það, sem aðrir hafa gert, hafi verkið verið vel unnið, er stund vilja leggja á þjóðrækni. Hvorttveggja þetta má gera hvar sem búið er, og getur það engum orðið til meins á einn eða neinn hátt.

Til dæmis hér í þessu landi: Vér erum orðin óaðskiljanlegur hluti þessa þjóðfélags. Hvernig í ósköpunum gæti það orðið þessu þjóðfélagi til meins þótt vér legðum stund á alt það er verða mætti fólki voru hér til framfara, og værum minnugir á alt það er verða mætti því til sæmdar? Yrði ekki þjóðfélagið auðugra fyrir það? Eigi sízt ef vér værum vel minnugir á hið síðara. Að hverju er þjóðfélaginu prýði fremur en þeim, sem gæta sinnar sæmdar? — En nú kunna einhverjir að segja: þetta er alt með útlendu móti, og verður því ósamhljóða þjóðfélaginu hér — íslenzk þjóðrækni. — Vér höfum ekki tíma til að fara út í það nú, hvað eiginlega felist í þessu, sem kallað er útlent. En útleggingu einmælismanna á því neitum vér gersamlega. Eiginlega er ekkert útlent af því sem í heiminum er, svo lengi sem ríkin eða löndin eru nokkur hluti heimsins, eða þá, að alt er útlent á hverjum þeim stað er það hefir ekki orðið til á. En að miða útlent eða innlent við stjórnar umráð, á einum tíma eða öðrum, er að miða það við alls ekki neitt. Því alt er hégómi undir sólinni, og þau eigi þá sízt. En við skulum segja að þetta sé að einhverju leyti útlent, getur þjóðfélaginu orðið mein að því? Er eigi aðfenginn auður jafnt auður sem sá heimafengni? Voru það ekki hugsjónirnar, vakningin, sem þeir urðu fyrir við útanferðir, forfeður vorir, er skópu hið margbreytilega og furðulega mentalíf, er þróaðist hjá þjóðinni á sögu- og sagnfræðaöldinni, er komu þjóðinni til að hugsa, leggja stund á listir og vísindi? Telur eigi enska þjóðin það stóran þátt í framfarasögu sinni, hið útlenda líf, andlega og líkamlega, er til landsins fluttist með þangað komu Dana á 9.—10. öld, með þangað komu Normanna frá Normandi á 11. öld, með þangað komu Hugenotta á 17. öld?

Svo er og annað, að þjóðrækni vor hér hlýtur að verða mestmegnis snertandi oss hér, og getur því eigi talist útlend. Vér erum búendur hér, eigum heima hér, erum því innlendir í hinum sanna skilningi. Þjóðrækni vor hér hlýtur að ganga út á það að draga oss saman, og ef vér erum trúir hugtakinu, sem felst í orðinu, þá líka að gera oss að jafn-betri mönnum en vér vorum annars. Og er það eigi þessu þjóðlífi til gagns og góðs? Hún hlýtur að ganga út á það að draga oss saman, nær hvert öðru, vegna þess að það er undirstaða undir vorri sameiginlegu heill. Við það vex kraftur vor og geta. Á sundrung vex ekkert nema lítilmenska og rógur. En við það að mynda fastari heild þróast sú tilfinning, er kemur því til leiðar að hver finnur til með öðrum, og er þá það bræðrafélag myndað, er byggir á þjóðernislegum skyldleika, sameiginlegri sögu og tungu og frændsemi. Þjóðrækni vor hlýtur að ganga út á það, ef vér reynumst hugtakinu trú, að vernda og gæta vel sæmdar vorrar. En er vér höfum myndað sterka sameiginlega heild, varðveitir enginn eigin sæmd fyllilega nema hann gæti sæmdar heildarinnar um leið. Og þá ætti það að verða hugfast að enginn getur orðið stór, sæmdum hlaðinn, á kostnað meðbræðranna.

Þó þetta kynni nú að leiða til þess, skulum vér segja, að vér gengjumst eigi upp við fagurgala, hrintum af oss kjassi og fleðuskap, krefðumst réttar vors sem menn, og þættumst engum skulda ölmusu fyrir það að fá að vera hér, verður eigi séð að þjóðfélagið bíði neinn halla við það. Það þótti til forna betri einn liðsmaður en 10 þrælar. Þótt það leiddi nú af þessu, að vér tækjum eigi með þökkum aðdróttunum frá fákunnandi skríl, og sendum hnútur þær til baka; þótt vér legðum oss eigi til sem brúarviðu eða reiðingstorf, ofan í hvert forarsýkið, svo aðrir gætu gengið þar þurrum fótum yfir, þótt vér afsegðum að leggja til börn vor til þess að verða þræla og ambáttir — með haft um ökla og hring um háls — er eigi sjáanlegt að þetta þjóðfélag bíði neitt tjón við það. Þótt vér vildum hafa hönd í bagga með hvaða stefnu þetta þjóðfélag tæki, hvaða framtíð það skapaði sér og oss, þá er það ekki nema vor erfðaborinn réttur, því vér erum eigi bornir ánauðugir, heldur frjálsir menn.

Þjóðrækni vor Íslendinga hlýtur að skapa þjóðarþrif fyrir ríkisheildina hér, og eigi annað.

En — nú er fleira innifalið í þjóðræknis hreyfingunni, en að stunda það, sem þjóðinni íslenzku hér er til hagsbóta og vera minnugir á það, sem henni er til sæmdar, — og nú er talið. Það er viðhald erlendrar tungu, og samband við erlent ríki. Eða er ekki svo? Jú, það er innifalið í þessu hugtaki; en það fellur undir hina liðina tvo — til **hagsbóta** og **sæmdar.** Að vér höldum sambandinu sem nákomnustu við heimaþjóð vora er oss og þessu þjóðlífi til hagsbóta. Að vér höldum við feðratungu vorri, er oss og þjóðfélaginu til sæmdar.

Er sæmd eða vansæmd að mentun. Er það ekki mentun að lesa og tala þá tungu, sem er ein af frumtungum og undirstöðumálum hins mentaða heims? Fremur undirstöðumál enskunnar og skandínavísku málanna, en latínan eða gríska. Prof. Max Mueller, hinn mikli málfræðingur Oxford háskólans, sagði: "Að kunna eitt mál er að kunna ekkert mál." Ef hér væri um tungu að ræða, er ætti engar bókmentir, er óskyld væri siðmenningar málunum nýju, væri öðru máli að gegna. Þá væri vanséð að í því væri nokkur sæmd að halda henni við eða kunna hana. Ef þetta til dæmis væri Hottentotta mál, eða Kaffira eða Jakuta. En svo er eigi. Þetta er undirstöðumálið eitt, heimsmenningarinnar sjálfrar. Það er eitthvert frægasta bókmentamál veraldarinnar. Það er Fræðisafnið mikla, er geymir sögu stórhluta Norðurálfunnar yfir víst skeið, svo að þeirrar sögu er hvergi annarsstaðar að leita en þar. Það er fræðibókin, er geymir hin sameiginlegu hetjuljóð, — trúarljóð gotnesk-germanska kynstofnsins áður en tungurnar aðgreindust, svo að um þau má segja hið sama og skáldið kvað um Suður-Jóta: "Söm eru öll vor sigurljóð og sami vermir oss eldur." Það eru ljóðin vor allra, Norðmanna, Svía, Dana, Engla og Saxa og Íslendinga.

Um fjársjóðu þessa, sem tunga vor geymir og varðveitir, farast einum hinum merkasta manni á Norðurlöndum svo orð: "Viljir þú Íslendingur að marki fá ást á landi þínu, þá blaðaðu í æfi þess og kyntu þér alt það, sem þar er skrifað af mentun og athöfnum feðra þinna. Takirðu í burtu það, sem þeir hafa skrásett, munu þér ei að eins æði daufleg Norðurlönd, heldur muntu í sögu mannkynsins finna álíkt skarð og stjörnufræðingurinn, ef hann vantaði Leiðarstjörnuna."

Það er um þessa tungu að ræða, að viðhalda þekkingunni á henni og veita eftir megni öðrum þá þekkingu, sem oss verða samferða, svo að þeir verði hluttakendur í hinum sama auði. Og hvernig gæti það skoðast þessu þjóðlífi til meina eður ógagns? Ef svo væri, þá skoðar hinn ágæti vísindamaður Englendinga, Dr. George Webbe Dasent, er var við Oxford háskóla, þetta nokkuð á annan veg. Hann segir í formála fyrir íslenzk-ensku orðabókinni merku, er kend er við Cleasbey, þar sem hann er að tala um hinn mikla kostnað og erfiði og verk að koma henni út: "En þá væri alt hið mikla erfiði vel launið, ef það gæti leitt til þess að draga athygli enskra fræðimanna að bókmentum Íslands. Því, þótt aðalauður tungunnar liggi í hinum fornu sögum, þá skyldi enginn ætla að hin íslenzka tunga síðari alda sé eigi þess verð að kynna sér hana. Hvergi í veröldinni að sama hlutfalli við mannfjölda, hefir þróast annað eins bókmentalíf, óslitið, kynslóð eftir kynslóð, og á þessari fjarlægu eyju.". Og svo bætir hann því við, að enginn fræðimaður mundi sjá eftir þeim tíma og fyrirhöfn er hann legði í að læra þessa tungu, eftir að hann gæti farið að lesa Eddurnar og sögurnar. Sjálfur gat Dasent bezt um þetta dæmt, — þessi afar nákvæmi og snildarlegi þýðandi Njálssögu, — því sjálfur hafði hann þetta reynt. — Nú verður öðrum hverjum að trúa, Dr. Dasent eða útburðarsöngnum, sem telur það þessu landi háska, að nokkrar þúsundir hér kunni að mæla íslenzku.

Sú er bót í máli að engir Íslendingar hér halda þó slíku fram. Það eru að eins einstakir kaupalaupar, er trúa að þeir skifti um eðli og þjóðerni með hverri magafylli, — og eg held að það sé satt, — sonar-synir og sonar-sonarsynir karlsins sálúga í þjóðsögunni er seldi gullkambinn fyrir fjórar skónálar. Það eru þessir gæðingar, sem halda að þeim verði léttara skeiðið, ef þeir bregða á sig snarvölu og eru þjóðernislega í mútu, því þeir ætla ekki að berjast eins og sá sem út í vindinn slær, heldur eins og þeir sem handsama hnossið. — Þá er þetta eigi athugað, að halda uppi sambandi við erlent ríki. Væri Ísland eitt af hinum miklu og fjölbygðu meginríkjum þessa heims, væri tala vor hér í álfu jafn margar miljónir og hér teljast þúsundir, gæti verið ástæða til þess að ætla, að þetta ríki legði óhug á það samband sem vér hefðum við heimalandið og legði í það þann skilning að tilgangurinn væri annar en sá að halda uppi viðkynningu og leggja stund á eina sérstaka fræði. Legði þann skilning í að stýrt væri að stjórnarbyltingu, eða heimsveldissamtökum. En nú erum vér að eins örfáar þúsundir hér og heima að eins örfáar þúsundir. Getur því engum óbrjáluðum þetta til hugar komið, engum er nokkurri þekkingu hefir yfir að ráða og nokkurt hyggjuvit til að beita henni. Mun því á ótti, að vér finnum ónáð fyrir augum bræðra vorra hér, ef vér rækjum eða séum minnugir á móðurþjóð vora, á engu bygður.

Hitt er þá að athuga, hvort það geti verið oss sæmd eða ósæmd

(Framh. á 7. bls.)